



Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík: 4. des 2020  
Tilvísun: 202011-0066

### **Efni: Umsögn um frumvarp til laga um viðspyrnustyrki.**

Alþýðusambandi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um viðspyrnustyrki, 334. mál. Verði frumvarpið samþykkt gætu rekstraraðilar átt rétt á viðspyrnustyrkjum að uppfylltum vissum skilyrðum. Styrkirnir nema 90% af rekstrarkostnaði rekstraraðila en þó ekki hærri en 400 þús. kr. fyrir hvert stöðugildi hjá rekstraraðila og að hámarki 2-2,5 m. kr. eftir tekjufalli.

Áður höfðu svokallaðir tekjufallsstyrkir verið samþykktir og veitti ASÍ umsögn um málið. Um leið og ASÍ tekur undir að mæta þurfi erfiðri stöðu margra smærri rekstraraðila, einyrkja og sjálfstæðra atvinnurekenda verður að gera þá kröfu að í ljósi versnandi stöðu ríkissjóðs að tryggt sé að raunveruleg þörf sé á stuðningi úr ríkissjóði. Á það skal minnt að tekjufall er ekki endilega merki um erfiða fjárhagsstöðu og í ákveðnum tilfellum væri réttara að mæta tímabundnum vanda með hagfelldum lánnum eða einfaldlega að ríkið eignist hlut í viðkomandi fyrirtæki. ASÍ lýsir einnig vonbrigðum með að ekki hafi verið gerðar takmarkanir á arðgreiðslum við afgreiðslu tekjufallsstyrkja líkt og voru í lögum um hlutabætur.

Á það skal bent að upphaflega var gert ráð fyrir að tekjufallsstyrkir myndu kosta um 14,4 ma. kr. en síðari breytingar hækkuðu kostnaðarmat í 23,3 ma. kr. Uppfært mat bendir nú til þess að tekjufallsstyrkir geti kostað um 31 ma. kr. Við þá fjárhæð bætast nú viðspyrnustyrkir sem áætlað er að kosti 19,8 milljarða. Til samanburðar er vert að benda á að nýleg hækkun grunnbóta atvinnuleysisstrygginga var metin á 2 milljarða króna.

ASÍ tekur einnig undir þær ábendingar sem fram koma í umsögn Indriða Þorlákssonar, fv. Ríkisskattstjóra um að ástæða sé að þrengja skilgreiningu tekna og kostnaðar í frumvarpinu. Eðlilegt væri að undanskilja fjármagnstekjur, t.d. arð, leigutekjur og vexti í ljósi þess að áhrif heimsfaraldurs koma fyrst og fremst fram í beinum áhrifum á sölu á vörum og þjónustu.

Jafnframt telur ASÍ eðlilegt að sett verði sambærileg skilyrði og í lögum um hlutabætur sem takmarka úthlutun arðs þrjú ár eftir styrkveitingu og sú krafa gerð að fyrirtækin hafi ekki starfsemi í skattaskjólum. Að því sögðu, leggst ASÍ ekki gegn samþykkt málsins en telur að ábyrgð ráðstöfun eigi að vera höfð að leiðarljósi.

Fyrir hönd ASÍ,

Róbert Farestveit  
Hagfræðingur